

Umsögn Markaðsstofu Norðurlands um 941. mál á 153. löggjafarþingi: Uppbygging og rekstur flugvalla og þjónusta við flugumferð

Markaðsstofa Norðurlands (MN) fagnar þeim áformum að styrkja fjármögnun á rekstri og uppbyggingu alþjóðaflugvalla landsins utan Keflavíkurflugvallar. MN leggur þó ríka áherslu á að nýjar tekjur komi til viðbótar við það fjármagn sem nú þegar er veitt til innanlandsflugvalla landsins. Það fjármagn hefur verið skert á undanförunum árum og nauðsynlegt að bæta þar í.

Mikilvægt er að horfa á uppbyggingu allra alþjóðaflugvalla landsins í samhengi. Bæði með tilliti til öryggissjónarmiða og með tilliti til áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu - sem er orðin stærsta atvinnugrein landsins.

15. maí 2023

Virðingarfyllst,

Arnheiður Jóhannsdóttir
Framkvæmdastjóri